

sýnóduna er það, að hún stendur ekki á eigin fótum nje heldur á fótum móðurkirkjunnar í Norvegi, heldur á fótum þýss kirkjufjelags hjer í Ameríku, er nefnist Missouri-sýnóða, en Missouri-sýnóðan er hin langófrjálslyndasta lúterska kirkjudeild, sem enn hefir komið fram í mannkynssögunni. Sje í einhverju andæft á móti guðfræði þessa kirkjufjelags, þá er eins og komið sje við sjálfan augastein norsku sýnóðunnar. Á prestafundi, er sýnóðumenn hjeldu í Milwaukee, bar prófessor Asperheim fram nokkrar útasetningar á Missouri-sýnódu-guðfræðina. Voru þær, eins og við mátti búast, stýlaðar í hógværum og kurteysum orðum, en allt um það voru þær af klerkum skoðaðar sem vottur þess, að Asperheim væri genginn af trúnni, og áu þess hann fengi tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sjer eða rjettlæta þessar útasetningar sínar, var hann brátt dæmdur óháfur til að standa í guðfræðiskennara-stöðu sinni. Svo sagði Asperheim af sjer prófessors-embættinu á miðju ári og þar með var starfi hans í þjórnustu norsku sýnóðunnar lokið. En með bók þeirri, er hann síðar hefir ritað og sem eg þegar hefi nefnt, hefir hann vissulega unnið mjög þarft verk eigi síður fyrir norsku sýnóðuna eður fólk það, er í henni stendur, heldur en fyrir kristni-lýð Norðmanna (og Skandínafa yfir höfuð) í öðrum hjerlendum kirkjufjelögum, eius og líka fyrir oss Íslendinga fyrir vestan haf. Er það mín hjartanleg ósk, að sem flestir af fólki voru fái með eigin augum rannsakað það, sem Asperheim hefir þar dregið fram, til þess fyrst og fremst að menn geti forðast þann anti-kristindóm, sem norska sýnóðan ber í skauti sínu, og þaræst til þess að